

Námsvísir - 10.bekkur

2019-2020

Stærðfræði

Rúmfræði

Hæfniviðmið að nemandi geti:

- Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar þar með talin hugtök um stærðfarhlutföll, innbyrðis afstöðu lína, færslur og fræðilega eiginleika tví- og þrívíðra forma
- Teiknað skýringarmyndir og unnið með teikningar annarra út frá gefnum forsendum, rannsakað, lýst og metið samband milli hlutar og teikningar af honum
- Mælt ummál, flöt og rými, reiknað stærð þeirra og útskýrt hvað felst í mælihugtakinu
- Notað mælikvarða og unnið með einslaga form, útskýrt setningu pýþagórasar og reglu um hornasummu í marghyrningi og beitt henni í margvíslegu samhengi. Einnig gert rannsóknir á rétthyrndum þríhyrningum og reiknað hliðarlengdir og horn út frá þekktum eiginleikum.
- Sett fram einföld rúmfræðileg rök og sannanir og túlkað táknmál algebru með rúmfræði
- Túlkað jöfnur í hnitakerfi og notað teikningar í hnitakerfi til að leysa þær
- Fundið rök fyrir og rætt um fullyrðingar um stærðfræði, skilið og metið röksemdir sem settar eru fram af öðrum og unnið með einfaldar sannanir
- Sett fram og notað mismundani framsetningu sama fyrirbæris hvort sem um er að ræða hlutbundna, myndræna, munnlega eða algebrulega framsetningu eða með töflu og grafi
- Tjáð sig um stærðfræðileg efni munnlega, skriflega og myndrænt, af nákvæmni og túlkað framsetningu annarra á stærðfræðilegu efni
- Rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt með það að markmiði að alhæfa um stærðfræðileg efni
- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stórra og smárra stærðfræðiverkefna og gefið öðrum viðbrögð, m.a. með því að spyrja markvisst

Tölfræði og líkindi

Hæfniviðmið að nemandi geti:

- Notað tölfræðihugtök til að setja fram, lýsa, skýra og túlka gögn
- Framkvæmt tilraunir þar sem líkur og tilviljun koma við sögu og túlkað niðurstöður sínar
- Notað hugtök eins og skilyrtar líkur og óháðir atburðir, notað einfaldar talningar til að reikna og túlka líkur á atburðum
- Lesið stærðfræðilegan texta, skilið og tekið afstöðu til upplýsinga sem settar eru fram á táknmáli stærðfræðinnar

Tölur og reikningur

Hæfniviðmið að nemandi geti:

- Notað sætiskerfisrithátt og sýnt að hann skilur þær reglur sem gilda um hann
- Gefið dæmi um mismunandi framsetningu hlutfalla og brota, skýrt sambandið á milli almennra brota, tugabrota og prósentu
- Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum
- Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi, nýtt vasareikni og tölvur í þeim tilgangi
- Reiknað með ræðum tölum, m.a. við lausnir á jöfnum og öðrum viðfangsefnum algebru
- Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum
- Nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað þá þekkingu við útreikninga og mat á þeim

Algebra

Hæfniviðmið að nemandi geti:

- Unnið með talnarunur og rúmfræðimynstur til að rannsaka, koma skipulagi á og alhæfa um það á táknmáli algebrunnar og sett fram stæður með breytistærðum
- Leyst jöfnur og einfaldara ójöfnur, leyst saman jöfnur með einni óþekktri stærð
- Ákvarðað lausnir á jöfnum og jöfnuhneppum með myndritum og lýst sambandi breytistærða með föllum
- Lesið úr táknmáli stærðfræðinnar, notað það á merkingarbærann hátt, t.d. þýtt af daglegu máli yfir á táknmál stærðfræðinnar og skilið þær leikreglur sem gilda um meðferð þess

Kennsluhættir

Nemendur vinna í þriggja til fjögurra vikna lotum. Kennslustundir byggjast á innlögnum frá kennara. Hópverkefni og einstaklingsverkefni. Leiðsagnarmat. Próf tekin eftir hverja lotu.

Námsefni

Almenn stærðfræði III, Skali 3A og 3B, Stæ103

Námsmat

Skilaverkefni og próf.

Íslenska

Viðfangsefni í íslensku miðast við kröfur Aðalnámskrár grunnskóla. Sú hæfni sem nemendur eiga að ná á önninni er hér útlistuð, einnig hvaða aðferðum kennarar og nemendur beita til að ná settum markmiðum og hvernig metið er hvort þeim hafi verið náð.

Hæfni sem nemandi stefnir að á námssviðinu í lok skólaárs (markmið):

Lestur og bókmenntir

- ❖ geta lesið almenna texta af öryggi og með athygli og skilningi, greint og skilið aðalatriði og aukaatriði og valið lesefni til gagns og ánægju
- ❖ geta lesið fjölbreyttar bókmenntir, fagurbókmenntir, ljóð og þjóðsögur
- ❖ þekkja einkenni og mismunandi flokka texta og bókmennta
- ❖ geta notað algeng hugtök úr bókmenntum og bragfræði

Nemendur eru hvattir til yndislesturs meðfram lestri kjörbóka og vinnu á ýmsum verkefnum þeim tengd. Lögð er rík áhersla á að glæða áhuga nemenda á lestri og auka lestrarfærni þeirra og lesskilning svo nemendur geti: lesið mjög vel og af öryggi almenna texta með mjög góðum skilningi og geti túlkað efni þeirra. ýmis lesskilningsverkefni eru lögð fyrir í þessum tilgangi. Nemendur eiga einnig að geta fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir á gagnrýninn hátt sem og gert sér grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar. Þjóðsögur og ævintýri og Íslendingasögur eru á kennsluáætlun.

Talað mál, hlustun og áhorf

- ❖ geta flutt mál sitt skýrt og áheyrilega, hlustað og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli og nýtt sér fjölmiðla og tekið afstöðu til þess sem þar er birt
- ❖ geta átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitsemi, virðingu og kurteisi
- ❖ geta tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum

Nemendur velja sér ljóð og texta til upplesturs fyrir bekkinn þar sem þeir fá æfingu í að: flytja mál sitt skýrt og áheyrilega með blæbrigðum og áherslum sem hæfa efni og tilefni. Nemendur vinna útlagsverkefni þar sem þeir velja sér útlagsþátt af Rúv til að hlusta á og fjalla um í kennslustund, þar með fá þeir þjálfun í að: hlusta af athygli og nýta sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimild í vinnu. Nemendur fá að kynnast og sjá myndefni af ýmsum toga; kvikmyndir, leikrit, heimildabætti og leikna þættir, með það fyrir augum að þeir: geti notið myndefnis, leikins efnis, tónlistar og sett fram sjálfstæðan hátt rökstutt mat á viðkomandi efni.

Ritun

- ❖ geta skrifað skýrt og greinilega, beitt skipulegum vinnubrögðum og mótað málsgreinar og efnisgreinar, tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim, gert sér grein fyrir lesanda og miðað samningu við hann
- ❖ geta beitt reglum um réttritun og gert sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda
- ❖ geta skrifað texta á tölvu og beitt helstu aðgerðum ritvinnslu
- ❖ geta notað orðtök og málshætti í töluðu og rituðu máli og greint notagildi þeirra í texta, geta áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann

Ritunarverkefni af ýmsum toga og úr ýmsum áttum eru lögð fyrir nemendur með það fyrir augum að þjálfar nemendur í að beita skipulegum og góðum vinnubrögðum við ritun, skipa efnisatriðum í röklegt samhengi og móta málsgreinar og efnisgreinar af öryggi og á skýran hátt. Stafsetning er hluti af ritun og er hún þjálfuð jafnt og þétt yfir veturinn, ýmist með upplestraræfingum eða ýmsum verkefnum þar sem nemendur þjálfast í að beita stafsetningu og greinarmerkjasetningu af öryggi og geti fylgt viðmiðum um uppbyggingu texta.

Málfræði

- ❖ geta gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði m.a. við ritun og stafsetningu
- ❖ geta flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum

Verkefni í málfræði eru reglulega lögð fyrir nemendur yfir veturinn. Þau koma fyrst og fremst úr kennslubókunum Málinu í mark en einnig úr sarpi kennara. Æfingarnar eru til þess fallnar að þjálfar nemendur í að geta: beitt af öryggi málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess, auka þekkingu þeirra á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gera sér grein fyrir hlutverki þeirra.

Námsefni

Logar, Málið í Mark, Málvísir, Mér er í mun og ýmsar handbækur og uppflettirit. Kjörbækur, þjóðsögur, ævintýri, Íslendingasögur og leikrit og ýmis verkefni valin af kennurum eru einnig hluti námsefnis. Myndefni úr ýmsum áttum er einnig hluti námsefnis í íslensku.

Kennsla

Kennarar skipuleggja framvindu námsins og yfirferð, stjórna samræðum og verkefnavinnu. Kennslan fer fram í u.þ.b. 8 vikna lotum og við lotuskil eru nemendur prófaðir. Innlagnir og samræður eru hluti kennslunnar.

Nemendur vinna verkefni sín samkvæmt áætlun, lesa daglega heima í kjörbókum og skila verkefnum þeim tengdum. Nemendur þurfa einnig að tjá sig upphátt frammi fyrir bekknum. Heimavinnu er stillt í hóf en nemendum ber að vinna verkefni samkvæmt áætlun heima hafi ekki tekist að vinna þau í skólanum fyrir tilsettan tíma.

Námsmat

Hæfni nemenda verður metin með símati; prófunum við lotuskil og verkefnum í bókmenntum og bragfræði. Samantektarpróf er lagt fyrir að vori.

Sund

Markmið

- Að nemendur þjálfist frekar í sundaðferðunum (bringu-, bak-, skrið-, björgunar-, flug- og skólabaksund) og geti nýtt sér sund sem eina tegund þolþjálfunar.
- Að nemendur skilji mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilji mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og tillitssemi í tengslum við góðan árangur í sundi.
- Að nemendur efli leikni, styrk og þol.
- Að nemendur þekki mismunandi tegundir leikreglna, farið eftir þeim og sýnt háttvísi í leik bæði í hóp og sem einstaklingur.
- Að nemendur geti sett sér skammtíma- og langtímamarkmið í sundi og gert og framkvæmt eigin þjálfunaráætlun á grundvelli niðurstaðna prófa.
- Að nemendur geti tekið þátt í leikjum af margvíslegu tagi.
- Að nemendur geti tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna, brugðist við óvæntum aðstæðum og bjargað sér í vatni og öðrum.

Kennsluhættir

Leiðarljós sundkennslu í Sjálandsskóla er að nemendur fái jákvæða upplifun af sundi og sundiðkun og geti nýtt sér sund sér til heilsubótar í framtíðinni. Nemendur læra mikið í gegnum leiki og æfingar. Þeim er stundum skipt á fjórar brautir ýmist eftir verkefnum, getu eða félagatengslum. Reynt er eftir fremsta megni að hafa tímana léttu, skemmtilega og fjölbreytta. Æfingum er ætlað að mæta hverjum nemenda þar sem hann er staddur og styðja hann í að auka færni sína í sundi. Lögð er áhersla á kurteisi, góða hegðun og samvinnu.

Námsmat

Námsmat er unnið upp úr hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Metið er á 6 bila kvarða og skráð í Námfús jafnt og þétt yfir veturinn og að vori er námsmatið tekið saman og

gefin ein sameiginleg lokaeinkunn í íþróttum og sundi. Markmiðin eru skýr í upphafi og kennari leiðbeinir nemendum jafnt og þétt í átt að lokamarkmiðum.

Tímafjöldi

Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið.

Þemu

Í 10. bekk eru tekin fyrir nokkur þemaverkefni sem hvert fyrir sig eru kennd í 5 – 6 vikur. Í þemaverkefnunum eru tveir flokkar hæfniviðmiða samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla hafðir til hliðsjónar en þeir skiptast í hæfniviðmið um verklag annars vegar og hins vegar úr völdum viðfangsefnum. Í flestum þemaverkefnum eru verklag og lýðræðisleg vinnubrögð hluti af kennslunni og námsmatið tekur mið af því.

Þema: Eðlisfræði 1

Hæfniviðmið að nemandi geti

- Greina milli ólíkra krafta
- Að kraftar leitast við að breyta hreyfingu, til dæmis með hraða hennar og stefnu
- Hvernig aukin þekking okkar á kröftum og hreyfingu hefur haft viðtæk áhrif á líf okkar
- Hvernig við getum notað mælitæki til þess að mæla vegalengd, hraða, tíma, kraft eða annað
- Að nota eðlisfræðipekkingu á hreyfingu og kröftum til að útskýra hversdagsleg fyrirbæri, svo sem jafnvægi, tregðu og frjálst fall
- Að ræða um ýmis samfélagsmál sem tengjast þekkingu á hreyfingu og krafti
- hvað þrýstingur er og hvernig hann tengist krafti og flatarmáli
- hvernig við mælum þrýsting, um þrýsting sem verkar á föst efni og um þrýsting í vökva og lofttegundum
- hvernig þekking á þrýstingi varð til þess að menn gátu búið til nýjar vélar, nú verkfæri og nýjan búnað, meðal annars fyrir sjúkrahús og hvernig það hefur haft áhrif á líf okkar
- hvernig uppgötvanir tengdar þrýstingi hafa aukið skilning manna á loftþrýstingi og flugi flugvéla
- Að taka þátt í rökræðum um vanda sem fylgir mismunandi einingum fyrir þrýsting á heilbrigðisstofnunum og hvaða máli sá vandi geti skipt fyrir sjúklinga
- Um muninn á spennu, straumi og viðnámi
- Um venslin milli spennu, straums og viðnáms í straumrásum og hagnýtingu þeirra í daglegu lífi okkar
- Um leiðara og einangrara og hvernig leiðarar gætu litið út í framtíðinni
- Hvernig segulmagnið var uppgötvað og hvernig ný þekking hefur fært okkur nýjar tæknilausnir
- Um muninn á venjulegum segli og ragsegli
- Hvernig venslin milli rafmagns og segulmagns voru uppgötvuð og hvernig þau eru nú hagnýtt í hversdagslegum rafmagnstækjum
- Hvernig nota má rafsegla til að láta rafmótor snúast og til að framleiða orku
- Að skilja og ræða um ýmis atriði sem tengjast heilbrigði og geislun, til dæmis frá háspennulínunum og farsímum
- Hvernig þekking á venslum ragmagns og segulmagn hefur bylt þróun tækninnar og breytt lífnaðarháttum okkar

- Um nýja tækni sem gæti breytt dreifingu rafmagns
- Um einfaldar vélar, svo sem vogarstöng, skáborð, trissu og fleyg
- Um eðlisfræðilega merkingu orðsins vinna
- Um gullna reglu aflfræinnar
- Að orka er geymd vinna, geta til að framkvæma vinnu
- Um muninn á aflfræðilegu og raffræðilegu afli og hvernig við reiknum það út í hversdagslegu samhengi
- Um aukna orkunotkun í samfélögum nútímans og hvaða áhrif hún hefur á umhverfið
- Hvernig við getum dregið úr orkunotkun okkar, bæði til að spara fjármuni og stuðla að sjálfbærni

Pema: Þjóðfélagsfræði

Hæfniviðmið að nemandi geti:

- Gert grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og
- Rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni.
- Rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu
- Greint hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga
- Útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og samfélaga.
- Fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum.
- Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum
- Hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi og búsetu, stjórnámálum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu, trúar - og lífsviðhorfum.
- Vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausn og réttisýnan hátt .
- Tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu
- Sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs.
- Fjallað á upplýstan hátt um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins og breytilegrar menningar, trúar, lífsviðhorfa og stjórnarfars.
- Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum.
- Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og útskýrt fyrir öðru fólki mikilvægi þess.
- Fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum
- Gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum.
- Útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta

Pema: Styrjaldir og kreppa/Frelsi og velferð

Hæfniviðmið að nemandi geti:

- Sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagssumræðu

- Gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum
- Útskýrt með dæmum hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum
- Greint afmarkaða efnispætti og stórrar eða smárrar sögu, nálægur og fjarlægur
- Hvernig sagan hefur mótast af umhverfispáttum og samfélagsskipulagi, þjóðfélagshreyfingum og hugmyndastefnum, viljaverkum og tilviljunum
- Sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu
- Gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum
- Útskýrt með dæmum hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum
- Greint afmarkaða efnispætti og stórrar eða smárrar sögu, nálægur og fjarlægur
- Hvernig sagan hefur mótast af umhverfispáttum og samfélagsskipulagi, þjóðfélagshreyfingum og hugmyndastefnum, viljaverkum og tilviljunum

Þema: Eðlisfræði 3

Hæfniviðmið að nemandi geti

- þekkt innriggerð frumeinda, geislavirk efni, kjarnorku
- þekkt mismunandi form orkunnar og orkugjafa
- þekkt jörðina, tunglið og sólkerfið
- þekkt stjörnur og vetrarbrautir og þróun alheimsins

Kennsluhættir

Þema er kennt í lotum. Hvert þema stendur yfir í 4 til 6 vikur. Flestum þemum fylgir þemabók sem tengist efninu. Kennarar búa til áætlun og nemendur lesa bókina heima og í tímum. Nemendur vinna með fróðleik úr þemabókum í skólanum með ýmsum hætti. Reynt er að hafa verkefni bæði bókleg og verkleg t.d. að framkvæma tilraunir, skrifa skýrslur um þær, útbúa veggspjöld, vinnubækur, undirbúa kynningar og flytja þær fyrir aðra nemendur og foreldra. Öllum verkefnum er safnað í þemabækur sem eru bundnar inn í lok þemans. Í flestum þemum vinna nemendur hópaverkefni Nemendur fá nokkuð frjálst val í framsetningu verkefna. Þeir geta m.a. búið til:

- Leikþætti
- bæklinga
- útvarpsþætti
- myndbönd
- vefsíðu
- veggspjöld
- líkön
- sjónvarpsþætti
- glærusýningar
- fræðslukassa
- bækur, o.s.frv.

Í þemanu eru verklegir tímar og fer það eftir viðfangefni hverju sinni hvað er gert. Nemendur fá tækifæri í hverju þema til þess að vera skapandi í vinnu sinni. Sú vinna er mismunandi eftir þemum. Nemendur búa ýmislegt til, dæmi:

- forsíður á vinnubækur sínar
- myndir sem tengjast þemanu
- myndbönd
- veggspjöld
- spil
- bækur
- líkön, o.fl.
-

Námsefni

- Eðlisfræði 2
- Eðlisfræði 3
- Þjóðfélagsfræði
- Styrjaldir og kreppa/Frelsi og velferð

Námsmat

Námsmat er fjölbreytt og í samræmi við kennslutilhögum. Metin eru verkleg og skrifleg verkefni og stuttar afmarkaðar æfingar. Nemendur vinna einstaklings- og hópaverkefni sem unnin eru heima og í skólanum. Í hverju þema eru nokkar kannanir yfir tímabil hvers þema fyrir sig. Námsmat er birt í Námfús um leið og þema lýkur.

Enska

Viðfangsefni í ensku miðast við kröfur Aðalnámskrár grunnskóla. Hér er þeirri hæfni lýst sem nemendur eiga að ná á árinu, hvaða aðferðum kennarar og nemendur beita til að ná settum hæfniviðmiðum og hvernig metið er hvort þeim hafi verið náð.

Hlustun

Hæfniviðmið að nemandi geti

- fyrirhafnarlítið tileinkað sér talað mál um margvísleg málefni í kunnuglegum aðstæðum þegar framsetning er áheyrileg.
- tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, námsog þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt.
- án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.
- hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.

Lesskilningur

Hæfniviðmið að nemandi geti

- lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga með nokkuð fjölþættum orðaforða og valið lestraraðferð eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum.
- lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.
- aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.
- lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.

Samskipti

Hæfniviðmið að nemandi geti

- sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur um kunnugleg málefni, beitir nokkuð réttu máli, eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi, notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og kann að beita viðeigandi kurteisis- og samskiptavenjum, hikorðum og ólíkum aðferðum til að gera sig skiljanlegan og skilja aðra, t.d. með því að umorða.
- tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum.
- tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.
- tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur, hrynjandi og orðaval.

Frásögn

Hæfniviðmið að nemandi geti

- tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum.

- tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur, hrynjandi og orðaval.
- flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi.
- samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

Ritun

Hæfniviðmið að nemandi geti

- skrifað lipran samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar, fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi.
- skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.
- skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við.
- tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.
- leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín.

Menningarläsi

Hæfniviðmið að nemandi geti

- sýnt fram á að hann þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér vel grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum.

Námshæfni

Hæfniviðmið að nemandi geti

- sett sér raunhæf markmið, skipulagt nám sitt á markvissan hátt og lagt mat á eigin stöðu og námsframvindu.
- beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða.
- unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.

- nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.

Kennsluhættir

Hlustun: Hlustunarverkefni úr Spotlight 10 og tónlist úr ýmsum áttum.

Lesskilningur: Lestextar úr Spotlight 10, greinar af netinu og efni frá kennara. Bókin The wave.

Samskipti: Samræðuverkefni í Spotlight 10 og önnur verkefni frá kennara

Frásögn: Verkefni í Spotlight 10 og kynningar á ýmsum verkefnum.

Ritun: Verkefni úr Spotlight 10, Kjörbókarritgerð, dagbók úr The wave og önnur skilaverkefni.

Menningarlæsi: Kaflar í Spotlight 10 og valið efni af neti.

Námshæfni: Fjölbreytt verkefni sem reyna m.a. á frumkvæði, samvinnu og sjálfstæði.

Námsefni

Spotlight 10 sem samanstendur af lesbók, vinnubók og hlustunarefni. Kjörbækur, The wave og annað efni frá kennara.

Námsmat

Í lotu 1 er lögð fyrir kaflakönnun þar sem orðaforði, ritun og þýðingar eru metnar. Lögð er fyrir hlustunarkönnun og frásögn er metin með kynningum um Írland.

Í lotu 2 eru lagðar fyrir kannanir í hlustun, ritun og lesskilningi auk þess sem prófað er í málfræði lotunnar og samskipti metin með jafningjamati.

Í lotu 3 er frásögn metin tengd greinum úr fyrri heimstyrjöldinni. Ritun er metin (leiðsagnarmat og lokamat) með bréfaskrifum. Þá er lesskilningur, ritun og námshæfni metin með dagbókarskrifum um bókina The wave.

Í lotu 4 eru lagðar fyrir reglulegar kannanir í óreglulegum sögnum. Lesskilningskönnun er lögð fyrir auk kaflakönnunar úr orðaforða og ritun. Málfræði er metin með prófi í lok lotunnar og frásögn með kynningum á frægum einstaklingum.

Heimavinna

Heimavinna tengist að öllu jöfnu skilaverkefnum nemenda. Ef þeir hins vegar ná ekki að klára þau verkefni í vinnubók sem sett eru fyrir í vikuáætlun, þurfa þeir að vinna það upp heima.

Tímafjöldi

Kennt er fjórum sinnum í viku, 40 mínútna tímar.

Danska

Hæfniviðmið að nemandi geti

Hlustun

- geti tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms- og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt.
- geti fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.
- geti hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.

Lesskilningur

- geti aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.
- geti lesið sér til fróðleiks texta t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.
- geti lesið sér til gagns smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki.

Samskipti

- geti tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann þekkir vel.
- geti tekist við margs konar aðstæður í samskiptum t.d. á ferðalögum og netsamskiptum.
- geti tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða annara.

Frásögn

- geti tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir og/eða hefur unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum.
- geti flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi.
- geti samið og flutt frumsamið efni.

Ritun

- geti skrifað ýmsar gerðir af textum með tilliti til lesandans.
- geti skrifað um það sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið.
- geti tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.
- geti leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna njóta sín.

Menningarlæsi

- geti sýnt fram á að hann þekkir til síða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og geti borið saman við eigin menningu.
- geti sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.

Námshæfni

- geti sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til þess að skipuleggja sig.
- geti tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitsemi.
- geti nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.

Kennsluhættir

Dönskukennslan miðast við að auka orðaforða hjá nemendum með hlustun, lestri, töluðu máli og ritun. Leitast er við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta til að vekja áhuga á danskri menningu og siðum. Verkefni eru unnin í einstaklings- og í hópavinnu.

Hlustun: Nemendur vinna hlustunarverkefni í vinnubókunum, Einnig er hlustað á tónlist og horft á kvikmyndir á dönsku og seinni þáttaröðinna úr The rain. Fjölbreytt verkefni eru unnin út frá því.

Lestur: Nemendur lesa mismunandi texta úr lesbókinni Smil og einnig eru lesnir textar af netmiðlum. Nemendur lesa eina léttlestrarbók.

Talað mál: Munnlegar æfingar, samtalsæfingar og leikir í tímum. Nemendur vinna að gerð útvarpsþátta.

Ritun: Unnið er í vinnubókunum Smil og málfræðibókinni Grammatik. Einnig vinna nemendur fjölbreytt ritunarverkefni út frá kvikmyndum og þáttum o.fl.

Námsefni

Lesbókin Smil, vinnubókin Smil B og málfræðibókin Grammatik. Söngtextar og tónlist ásamt ýmsum verkefnum frá kennara. Kvikmyndir og þættir, Jagten og En Kongelig affære. Einnig eru verkefni notuð frá vefsíðunni Danske diamanter, ásamt ýmsum leikjum og spilum.

Námsmat

Símat er yfir skólaárið þar sem ákveðnir þættir eru metnir hverju sinni. Lögð eru fyrir verkefni til að meta stöðu og kunnáttu nemenda. Frammistaða og virkni nemenda í tímum er metin sem og vinnubækur nemenda og glósur. Lokaeinkunn er gefin í lok annar þar sem allir þættir eru teknir inn í til að gefa eina heildareinkunn.

Heimavinna

Nemendur fá afhenta áætlun í byrjun annar og geta einnig nálgast hana á heimasíðu skólans. Nemendur geta fylgst með heimanámi og skiladögum verkefna inná á námfús. Nemendur þurfa taka ábyrgð á námi sínu og ef ekki næst að klára áætlun í tíma þá vinna nemendur heimafyrir

Tímafjöldi

Kennt er þrisvar í viku 40 mínútur í senn.

Tónmennt í 10. bekk

Hæfniviðmið

Að nemandinn geti:

- Tekið þátt í að skapa og flytja eigin verk og annarra, gagnrýnt og rökstutt út frá eigin smekk, stíltegund tónlistar og fagurfræði
- Útskýrt hvernig tónlist á borð við hip-hop og pönk hefur mótað og orðið fyrir áhrifum þess samfélags sem hún varð til í
- Notað trommuheila til að búa til takta sem virka sem undirspil fyrir eigið rapp
- Þekkt einkenni vissra tímabila tónlistarsögunnar, nokkur tónskál og verk þeirra
- Leikið eða sungið frumsamið eða cover lag í vissum tónlistarstíl
- Kynnt og gert grein fyrir vissum tónlistarstíl, einkennum hans og völdum listamönnum
- Samið tónlist sem túlkar atburð úr seinni heimsstyrjöldinni
- Samið lag í anda tónlistar stríðsáranna
- Gert útvarpsþátt þar sem tónlist stríðsáranna er kynnt ásamt flytjendum hennar
- greint, valið og notað hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustu,
- tekið þátt í tónsköpun af einhverju tagi, s.s. sönghóp eða samspili sjálfum sér og öðrum til ánægju,
- notað algeng tæki, hljóðfæri, rödd og forrit til að skapa eigin tónsmíð og / eða hljóðverk,
- tekið þátt í að skapa og flytja eigin verk og annarra, gagnrýnt og rökstutt út frá eigin smekk, stíltegund tónlistar og fagurfræði
- greint, útskýrt og endurskoðað eigin sköpunarverk og samnemenda í tónlist af sanngirni og virðingu, geta rökstutt skoðun sína á tónlist út frá eigin smekk og fagurfræði,
- greint og útskýrt ólík tónlistarstílbrigði, hljóðfæri og hljóðgjafa og sett í persónulegt, sögulegt og menningarlegt samhengi

Kenntluhættir

Kennsla tíunda bekkjar í tónmennt er lauslega byggð í kringum þema um þjóðfélagsfræði. Kennslan miðar að því að kynna nemendum tiltekna tónlistarstíla, skoða þá í sögulegu samhengi og hvaða hlutverki þeir gegna í mótun þess samfélags og tíðaranda sem þeir urðu til í. Þegar innlögn kennara lýkur spreyta nemendur sig á tónsköpun með viðeigandi hljóðfærum og tækjum. Nemendur kynnast m.a. hip-hop og pönk tónlist. Einnig eru valin verk og tímabil klassískrar tónlistar kynnt nemendum og þau sett í menningarlegt, sögulegt og listasögulegt samhengi. Í tengslum við stríðsára þema nemendahópsins er tónlist seinni heimsstyrjaldarinnar kynnt fyrir nemendum og hvernig tónlistarfólk og tónskáld takast á við atburði og hörmungar stríðsáranna í list sinni. Í kjölfarið skapa nemendur eigin tónlist sem túlkar á einhvern hátt anda eða atburði stríðsáranna.

Leiðbeinandi kennsluhættir henta mjög vel við tónmenntakennslu og eru nýttir til að hjálpa nemendum að átta sig á markmiðum og eigin stöðu hverju sinni.

Námsgögn:

- skólahljóðfæri
- rafmagnshljóðfæri
- tölvur, spjaldtölvur og upptökutæki
- tónlist og myndbönd af netinu, geisladiskum og mynddiskum
- kennslufni unnið af kennara

Námsmat

Nám nemenda er metið með símati, frammistöðumati, skriflegum könnunum og verkefnum auk sjálfsmats og jafningjamats. Videoupptökur eru notaðar til að meta flutning nemenda. Tónsköpun og spuni nemenda eru tekin upp og metin. Þekkingaratriði eru metin með skriflegum könnunum og verkefnum unnum í tímum. Tvisvar á vetri fá nemendur afhent námsmat í tónmennt þar sem hæfniviðmiðin eru útlistuð með eftirfarandi skala:

- A Framúrskarandi hæfni
- B + Mjög góð hæfni
- B Góð hæfni
- C + Nokkuð góð hæfni
- C Sæmileg hæfni
- D Ófullnægjandi hæfni

